

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 8/2020

frá 7. febrúar 2020

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1819 frá 8. ágúst 2019 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 í því skyni að bæta virka efninu ediki við í I. viðauka við hana ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1820 frá 8. ágúst 2019 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 í því skyni að bæta virka efninu *Saccharomyces cerevisiae* við í I. viðauka við hana ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1821 frá 8. ágúst 2019 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 í því skyni að bæta virka efninu egg í duftformi við í I. viðauka við hana ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1822 frá 8. ágúst 2019 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 í því skyni að bæta virka efninu hunangi við í I. viðauka við hana ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1823 frá 8. ágúst 2019 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 í því skyni að bæta virka efninu D-frúktósa við í I. viðauka við hana ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1824 frá 8. ágúst 2019 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 í því skyni að bæta virka efninu osti við í I. viðauka við hana ⁽⁶⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 279, 31.10.2019, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 279, 31.10.2019, bls. 4.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 279, 31.10.2019, bls. 7.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 279, 31.10.2019, bls. 10.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 279, 31.10.2019, bls. 13.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 279, 31.10.2019, bls. 16.

- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1825 frá 8. ágúst 2019 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 í því skyni að bæta virka efninu eplasafabykkni við í I. viðauka við hana (7).
- 8) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 12n (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 528/2012) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32019 R 1819:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1819 frá 8. ágúst 2019 (Stjtið. ESB L 279, 31.10.2019, bls. 1),
- **32019 R 1820:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1820 frá 8. ágúst 2019 (Stjtið. ESB L 279, 31.10.2019, bls. 4),
- **32019 R 1821:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1821 frá 8. ágúst 2019 (Stjtið. ESB L 279, 31.10.2019, bls. 7),
- **32019 R 1822:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1822 frá 8. ágúst 2019 (Stjtið. ESB L 279, 31.10.2019, bls. 10),
- **32019 R 1823:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1823 frá 8. ágúst 2019 (Stjtið. ESB L 279, 31.10.2019, bls. 13),
- **32019 R 1824:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1824 frá 8. ágúst 2019 (Stjtið. ESB L 279, 31.10.2019, bls. 16),
- **32019 R 1825:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1825 frá 8. ágúst 2019 (Stjtið. ESB L 279, 31.10.2019, bls. 19).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1819, (ESB) 2019/1820, (ESB) 2019/1821, (ESB) 2019/1822, (ESB) 2019/1823, (ESB) 2019/1824 og (ESB) 2019/1825, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. febrúar 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(7) Stjtið. ESB L 279, 31.10.2019, bls. 19.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. febrúar 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING